

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2015, miðvikudaginn 25. febrúar, var haldinn 82. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstaddir voru: Hermann Valsson, Óttarr Örn Guðlaugsson, Berghildur Erla Bernharðsdóttir og Gunnar Kristinsson. Einnig voru viðstaddir Kristinn Steinn Traustason fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals og Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts. Trausti Jónsson, verkefnisstjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umferðarmál.
Stefán Agnar Finnsson, deildarstjóri og verkfræðingur hjá Umhverfis- og skipulagssviði tekur sæti á fundinum.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals þakkar góða kynningu á væntanlegum framkvæmdum á gatnamótum Þúsaldar, Reynisvatnsvegur og Víkurvegur. Hverfisráð hvetur Umhverfis- og skipulagssvið til að taka jafnframt til skoðunar víðtækari breytingar á viðkomandi samgöngumannvirkjum með því að, með afreini af Vesturlandsvegi inn á Víkurveg og úrbætur á gatnamótum Þúsaldar og Vínlandsleiðar.

Sólveig Reynisdóttir, tekur sæti á fundinum kl. 16:40.

2. Opin íbúafundur í Dalskóla, 4. febrúar sl.
Umræður.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals krefst þess að Borgarstjóri efni til opins fundar, án tafar með íbúum Grafarholts og Úlfarsárdals og gefi skýr svör um framkvæmdaráætlun mannvirkja, skóla, íþróttar og menningarmiðstöðvar sem borgin hyggst reisa í Úlfarsárdal.

Gunnar Kristinsson vísar af fundi kl. 17:12.

3. Betri hverfi 2015.
Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals óskar eftir yfirliti yfir stöðu allra verkefna sem hlotið hafa kosningu í Betri hverfi undanfarin 2 ár.

Fundi slitið kl. 17:18

Hermann Valsson

Óttarr Örn Guðlaugsson

Berghildur Erla Bernharðsdóttir